

AUGLÝSING

um breyting á byggingarsamþykkt Reykjavíkur
nr. 39 24. mars 1965.

1. gr.

Aftan við 95. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dyr með sjálflokandi eldvarnarhurð má hafa á slíkum vegg, þó ekki úr íbúðarherbergi eða kyndiklefa. Ef bifreiðageymsla er ætluð fyrir fleiri bifreiðar en þrjár, getur slökkviliðsstjóri krafist þess, að gerðar séu sérstakar eldvarnarráðstafanir.

Samþykktarbreyting þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 31. október 1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað

Félagsmálaráðuneytið, 21. nóvember 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 340.

21. nóvember 1973.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. nóvember til 31. desember 1973.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. nóvember til 31. desember 1973:

Vélskelflett rækja:	Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0,87
2. 24 × 1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0,89
3. 2 × 5 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0,89
4. 4 × 2 kg og 5 × 2 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0,89
5. 24 × 450 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0,89
6. 1 × 25 lbs., pr. lb.	£ 0,89
7. 15 × 200 gr, pr. lb.	£ 0,90
8. Í saltlegi, pr. lb.	£ 0,87

Handskelflett rækja:

Í saltlegi, pr. lb. £ 0,93

Verðbil verði 3½%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnu verðbili.

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi (£ 1 = 211.27).

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 130 17. september 1956,
um vinnumiðlun.**

1. gr.

1. málsgrein 2. greinar orðist þannig:

Vinnumiðlun skal starfrækt í öllum sveitarfélögum landsins. Sveitarstjórn annast vinnumiðlunina en henni er heimilt, ef hentara þykir, að fela bæjarstjóra, sveitarstjóra, oddvita eða sérstökum manni öðrum framkvæmd hennar. Heimilt er sveitarfélögum, sem hafa sameiginlegan vinnumarkað, að semja um rekstur einnar vinnumiðlunar, sem annist öll störf vinnumiðlunar á svæðinu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. nóvember 1973.

Björn Jónsson.

Jón S. Ólafsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Allur akstur verður bannaður í Austurstræti á milli Lækjargötu og Pósthússtrætis. Akstur með vörur að verslunum þar verður þó leyfður á virkum dögum kl. 07.00 til 11.00, á laugardögum þó aðeins frá kl. 07.00 til 09.00. Á sömu tímum verður einnig heimilaður akstur bifreiða með merki fatlaðra.
2. Vonarstræti verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um Vonarstræti viki fyrir umferð um Lækjargötu og Suðurgötu.
3. Einstefnuakstur verður á eftirtöldum götum:
 - a) Á Skólalbrú frá Lækjargötu að Pósthússtræti.